



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 30. Nóv 2020
Tilvísun: 202011-0055

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambandsins um 86. mál, breytingu á lögum um tekjuskatt. Næði málið fram að ganga myndi það fela í sér að einstaklingar fengju skattalegan frádrátt sem nemur 1.800.000 kr. á ári vegna kaupa á þjónustu á heimili eða í sumarhúsi einstaklinga. Er þar sérstaklega vísað til heimilisstarfa, t.d. þrifa og hreingerninga, garðyrkju o.fl.

Núverandi tekjuskattkerfi má rekja til upptöku staðgreiðslu skatta árið 1988. Eitt af einkennum tekjuskattkerfisins fyrir tíma staðgreiðslukerfisins var fjöldi allur af undanþágum og frádráttarliðum. Við innleiðingu staðgreiðslukerfisins voru frádráttarliðir og undanþágur felldar niður en á móti var innleiddur skattafláttur í formi persónuafsláttar. Sá persónuafsláttur var í upphafi hafður hár m.a. vegna þeirra frádráttarliða sem voru til staðar í eldra kerfi. Þetta er vel kortlagt í skýrslu nefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins um tekjuskattkerfið frá 2019¹.

Íslenskt efnahagslíf er um þessar mundir í djúpum samdrætti sem mun hafa veruleg áhrif á ríkisfjármál og þar með velferðarkerfi og samfélag um árabíl. Fjármálaráðuneytið hefur lýst því yfir að þörf verði á aðgerðum í ríkisfjármálum til að brúa 35–40 milljarða gat árlega á árunum 2023–2025. Alþýðusambandið telur að við núverandi aðstæður þurfi að fara ítarlega yfir áhrif þeirra ákvarðana sem teknar eru um fjármál ríkisins. Þarf þurfi að greina hver sé kostnaður aðgerða og hver áhrif eru á ólíka hópa og jöfnuð.

Ljóst er að breytingin yrði ekki til að einfalda skattkerfið og yrði afturhvarf til tekjuskattkerfisins eins og það fyrir staðgreiðslu. Breytingin sjálf myndi þó að líkindum vera verulegur skattafláttur til tekjuhærra heimila en eins og bent var á í skýrslu ASÍ frá árinu 2017 er það skattbyrði hinna tekjulægstu sem aukist hefur mest á undanförmum áratugum². Með framangreint í huga leggst Alþýðusambandið gegn því að frumvarpið nái fram að ganga.

Fyrir hönd ASÍ,

Róbert Farestveit
Hagfræðingur

¹ Sjá <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Endursko%cc3%b0un%20tekjuskatts%20og%20bo%cc%81takerfa.pdf>

² Sjá <https://www.asi.is/media/313671/skattbyrði-launafolks-1998-2016.pdf>

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 4.12.2020
Tilvísun: 20201107101

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum (heimilishjálpi), 86. mál, þskj. 87.

Ríkisskattstjóri hefur þann 20. nóvember 2020 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að gefa umsögn um ofangreint þingmál. Embættið telur tilefni til þess að setja fram eftirfarandi ábendingar sem varða frumvarpið í heild sinni.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á A-lið 1. mgr. 30. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þannig að við bætist nýr tölulíður og þar með verði lögfest heimild til frádráttar frá tekjuskattsstofni fjárhæð að hámarki 1.800.000 kr.

Ríkisskattstjóri bendir á að forsendur frádráttar samkvæmt frumvarpinu eru nokkuð teygjanlegar, jafnvel allt að því óráðar. Færa mætti rök fyrir því að undir þau geti fallið nánast hvert það verk sem unnið er á eða í kringum hvort tveggja íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði, og sem snertir húseignina, innanstokksmuni þess, og svæði þar umhverfis í einkaeigu viðkomandi. Sömuleiðis mætti leiða að því rök að hvers kyns umönnun og umstang í kringum börn og veika eða fatlaða heimilismenn félli þar undir. Í mörgum tilvikum er um að ræða verkefni sem fjölskyldumeðlimir utan veggja heimilisins, t.a.m. afar og ömmur og frændfólk, sinna gjarnan endurgjaldslaut. Ríkisskattstjóri telur fyrirséð að umtalsverð vandkvæði geti orðið við samræmingu verklags við meðferð á færslu frádráttar og erfitt að draga málefnaleg mörk á grundvelli ákvæða frumvarpsins.

Ríkisskattstjóri vekur athygli á því að ávallt er gert ráð fyrir tengslum milli frádráttarheimilda og gagnaskila til ríkisskattstjóra sem sýni fram á frádráttarrétt skattaðila. Gilda þar meginreglurnar um annars vegar gagnaskil verkkaupa um þjónustu verksala, sbr. 92. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og hins vegar skyldu aðila til þess að halda til haga gögnum um kaup þjónustunnar og greiðslur allt að sex ár aftur í tímann, sbr. endurákvörðunarheimildir ríkisskattstjóra samkvæmt tekjuskattslögum, en vert er að nefna að sé horft til sex ára tímabils þá gerir frumvarpið ráð fyrir að einstaklingur geti lækkað tekjuskattsstofn sinn um allt að 10.800.000 kr. Fyrirséð er að slík gögn yrðu af ýmsu tagi og gera má ráð fyrir því að seljendur þjónustu yrðu í fæstum tilvikum atvinnufyrirtæki og iðulega ekki bókhaldsskyldir. Þannig má ætla að eftirlit með nýtingu frádráttar skv. ákvæðum frumvarpsins yrði nokkuð þungt í vöfum, bæði fyrir skattyfirvöld og skattaðila. Sérstaklega má ætla að eftirlit með greiðslum sem húsfélög annast úr sameiginlegum sjóði, og skiptingu frádráttar niður á íbúa í samræmi við eignarhlut, yrði miklum vandkvæðum bundið og sönnunarfærslan erfið í útfærslu.

Í greinargerð með frumvarpi þessu er vísað til þess að svipaðar frádráttarheimildir sé að finna víða í norrænni löggjöf. Í því samhengi bendir ríkisskattstjóri á að t.a.m. í Finnlandi þá þurfi

seljandi frádráttarbærrar heimilishjálpar að tilkynna sig til skráningar hjá skattyfirvöldum og senda rafrænt til skattyfirvalda reikninga vegna útseldrar vinnu. Kaupandi þjónustunnar greiðir síðan kröfu verksala rafrænt í gegnum vefgátt skattyfirvalda og í kjölfarið stofnast til skattvildunar með sjálfvirkur hætti. Slíkt fyrirkomulag er t.a.m. ákjósanlegur grundvöllur framkvæmdar á frádráttarheimildum á borð við þær sem frumvarpið varðar, en því verður ekki viðkomið nema með sérstökum lagaramma þar sem skirt komi fram skyldur aðila og forsendur veitingar á heimild. Slíkar breytingar á regluverki kalla á undirbúning og samráð auk þess sem tæknileg útfærsla myndi taka nokkurn tíma.

Loks bendir ríkisskattstjóri á að nauðsynlegt sé að löggjöf sem þessi taki sérstaklega á því að undir frádráttarheimild falli eingöngu kostnaður vegna vinnuframlags en ekki vegna efniskaupa.

Virðingarfyllt,
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Helgi Guðnason